

Hagar hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

1. mars til 31. maí 2021

Hagar hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

Kt. 670203-2120

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstremisýfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hagar hf. („félagið“) er verslunarfyrtæki með starfsemi á Íslandi en félagið er leiðandi á íslenskum matvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði. Í lok tímabilsins starfrækti félagið 38 matvöruverslanir, 26 Olís þjónustustöðvar, 43 ÓB-stöðvar, eina birgðaverslun, þrjár sérvöruverslanir, tvö vöruhús og tvær framleiðslustöðvar. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 727 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 62.867 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 25.906 millj. kr. og var eiginfjárlutfall 41,2%.

Áhrif COVID-19 faraldursins á afkomu og stöðu samstæðunnar

Hagar og dótturfélög þess finna enn fyrir áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins en starfsemi samstæðunnar litast áfram af aðgerðum til að takmarka afleioðingar faraldursins, tryggja öryggi starfsfólks, viðskiptavina og annarra samstarfsaðila samstæðunnar. Rekstrarniðurstaða fyrsta ársfjórðungs er ánægjuleg í ljósi aðstæðna en samanburður við fyrsta ársfjórðung síðasta rekstrarárs er hagstæður þar sem sá ársfjórðungur varð fyrir höggi þegar gengisfall íslensku krónunnar og lækkun á heimsmarkaðsverði á olíu höfðu mikil áhrif á afkomuna.

Velta í dagvöruhluta samstæðunnar er enn að aukast og velta í eldsneytishlutanum er töluvert yfir fyrra ári og er farin að nálgast eðlilegra árferði. Gert er ráð fyrir að áhrifa af faraldrinum muni gæta á rekstur samstæðunnar fram á mitt rekstrarár en afkomuspá stjórnenda fyrir árið gerir ráð fyrir að EBITDA afkoma samstæðunnar verði 8.600 - 9.100 millj. kr. Nánari upplýsingar um áhrif COVID-19 má finna í skýringu 16.

Sala á Reykjavíkur Apóteki ehf. og rekstri Útilífs

Í mars og apríl 2021 var skrifað undir samninga um sölu á 90% eignarhlut félagsins í Reykjavíkur Apóteki ehf., sem og sölu á eignum tengdum rekstri Reykjavíkur Apóteks í Skeifunni 11. Afhending á eignum tengdum rekstri í Skeifunni 11 fór fram þann 21. maí sl. og afhending á eignarhlut Haga hf. í Reykjavíkur apóteki ehf. fór fram 18. júní sl. En viðmiðunardagur uppgjörs viðskiptanna var 31. maí 2021. Afkomuáhrif vegna sölunnar koma fram í rekstrarreikningi tímabilsins.

Þann 31. mars 2021 var skrifað undir samning um sölu á rekstri og eignum tengdum smásöluversluninni Útilíf. Samningurinn var gerður með fyrirvara um sampykki Samkeppniseftirlitsins en sampykki eftirlitsins var staðfest þann 8. júní sl. Afhending fer fram á öðrum ársfjórðungi rekstrarársins. Nánari upplýsingar um breytingar á samstæðunni má finna í skýringu 17.

Hlutafé og hluthafar

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.181 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda. Félagið á í lok tímabilsins eigin hluti að nafnverði 26,4 millj. kr.

Hluthafar voru 784 í byrjun tímabilsins og 787 í lok þess.

Þann 3. júní 2021 sampykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 1,27 krónum á hlut eða um 1.500 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 16. júní sl. Aðalfundur sampykkti einnig að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 26,4 millj. kr. og verður skráð hlutafé eftir lækkun því 1.154 millj. kr.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glöggja mynd af rekstraraferkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. maí 2021 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættupáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 25. júní 2021

Stjórn:

Davíð Harðarson, formaður

Eiríkur S. Jóhannsson, varaformaður

Eva Bryndís Helgadóttir, meðstjórnandi

Jensína Kristín Böðvarsdóttir, meðstjórnandi

Katrín Olga Jóhannesdóttir, meðstjórnandi

Forstjóri:

Finnur Oddsson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. mars 2021 til 31. maí 2021

	Skýr.	2021 1.3.-31.5.	2020 1.3.-31.5.
Vörusala		32.034	28.241
Kostnaðarverð seldra vara		(25.185)	(22.412)
Framlegð		<u>6.849</u>	<u>5.829</u>
Aðrar rekstrartekjur		104	98
Hagnaður af sölu dótturfélags	17	80	0
Laun og launatengd gjöld		(3.250)	(3.276)
Annar rekstrarkostnaður		(1.505)	(1.354)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		<u>2.278</u>	<u>1.297</u>
Afskriftir	7	(1.005)	(1.024)
Rekstrarhagnaður		<u>1.273</u>	<u>273</u>
Fjármunatekjur		7	17
Fjármagnsgjöld		(397)	(448)
Hrein fjármagnsgjöld	8	<u>(390)</u>	<u>(431)</u>
Áhrif hlutdeildarfélaga		31	30
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		914	(128)
Tekjuskattur		(187)	32
Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins		<u>727</u>	<u>(96)</u>
<hr/>			
Skipting hagnaðar (taps):			
Hluthafar móðurfélags		717	(94)
Hlutdeild minnihluta		10	(2)
		<u>727</u>	<u>(96)</u>
<hr/>			
Hagnaður (tap) á hlut:			
Grunnhagnaður (-tap) og þynntur hagnaður (tap) á hlut		0,63	(0,08)
Starfsþáttayfirlit, skýring	19		

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 31. maí 2021

	Skýr.	31.5.2021	28.2.2021
Eignir			
Rekstrarfjármunir		23.129	23.444
Fjárfestingarfasteignir		4.606	4.326
Óefnislegar eignir		10.486	10.547
Leigueignir	15	7.943	8.255
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		1.233	1.202
Eignarhlutir í öðrum félögum		41	41
Skuldabréfaeign		16	1
	Fastafjármunir samtals	<u>47.454</u>	<u>47.816</u>
Vörubirgðir	9	8.990	8.791
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	10	3.757	3.219
Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur	10	1.335	1.434
Handbært fé		1.331	388
	Veltufjármunir samtals	<u>15.413</u>	<u>13.832</u>
	Eignir samtals	<u>62.867</u>	<u>61.648</u>
Eigið fé			
Hlutafé		1.154	1.154
Yfirverðsreikningur hlutafjár		2.132	2.132
Lögbundinn varasjóður		289	289
Bundinn hlutdeildarreikningur		5.257	4.433
Óráðstafað eigið fé		17.074	17.181
	Samtals	<u>25.906</u>	<u>25.189</u>
Hlutdeild minnihluta		0	(2)
	Eigið fé samtals	<u>25.906</u>	<u>25.187</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	11	9.355	9.368
Leiguskuldir	15	6.700	7.010
Tekjuskattsskuldbinding		2.569	2.214
	Langtímaskuldir samtals	<u>18.624</u>	<u>18.592</u>
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	11	2.958	2.957
Skuldir við lánastofnanir	11	0	601
Tekjuskattur til greiðslu		491	471
Leiguskuldir	15	2.020	2.019
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	12	12.868	11.821
	Skammtímaskuldir samtals	<u>18.337</u>	<u>17.869</u>
	Skuldir samtals	<u>36.961</u>	<u>36.461</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>62.867</u>	<u>61.648</u>
Aðrar upplýsingar, skýringar		13-14, 16-18	

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit

1. mars 2021 til 31. maí 2021

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur hlutafjár	Lög-bundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar-reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. maí 2021								
Eigið fé 1. mars 2021	1.154	2.132	289	4.433	17.181 717	25.189 717	(2) 10	25.187 727
Heildarhagnaður tímabilsins				824	(824)	0		0
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning						0	(8)	(8)
Hlutdeild minnihluta við sölu á dótturfélagi						(8)		
Eigið fé 31. maí 2021	<u>1.154</u>	<u>2.132</u>	<u>289</u>	<u>5.257</u>	<u>17.074</u>	<u>25.906</u>	<u>0</u>	<u>25.906</u>
Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. maí 2020								
Eigið fé 1. mars 2020	1.189	4.017	297	5.947	13.136 (94)	24.586 (94)	1 (2)	24.587 (96)
Endurkaup á eigin bréfum	(8)	(412)			(420)			(420)
Heildartap tímabilsins					(163)	0		0
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning				163	(163)	0		
Eigið fé 31. maí 2020	<u>1.181</u>	<u>3.605</u>	<u>297</u>	<u>6.110</u>	<u>12.879</u>	<u>24.072</u>	<u>(1)</u>	<u>24.071</u>

Þann 3. júní 2021 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 1,27 krónum á hlut eða um 1.500 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 16. júní sl. Aðalfundur samþykkti einnig að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 26,4 millj. kr. og verður skráð hlutafé eftir lækkun því 1.154 millj. kr.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Sjóðstreymisyfirlit

1. mars 2021 til 31. maí 2021

	Skýr.	2021 1.3.-31.5.	2020 1.3.- 31.5.
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) tímabilsins		727	(96)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárdreymu:			
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		(136)	1
Afskriftir	7	1.005	1.024
Hrein fjármagnsgjöld	8	390	431
Áhrif hlutdeildarfélaga		(31)	(30)
Tekjuskattur		187	(32)
		Veltufé frá rekstri	
		2.142	1.298
Breytingar á rekstrartengdum eignum		(652)	(134)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum		1.470	2.071
		Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt	
		2.960	3.235
Innheimtar vaxtatekjur		7	1
Greidd vaxtagjöld		(277)	(302)
Greiddur tekjuskattur		(183)	(273)
		Handbært fé frá rekstri	
		2.507	2.661
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í fasteignum		(49)	(287)
Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum		(33)	(13)
Fjárfesting í áhöldum og innréttungum		(489)	(597)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(15)	(6)
Söluverð áhalda og innréttunga		24	28
Skuldabréfaein, breyting		(17)	17
Seldur eignarhlutur í dótturfélagi		141	0
		Fjárfestingarhreyfingar	
		(438)	(858)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(114)	(116)
Breyting á lánalínu		(601)	415
Keypt eigin bréf		0	(420)
Leiguskuld afborganir	15	(411)	(439)
		Fjármögnunarhreyfingar	
		(1.126)	(560)
Hækjun á handbæru fé		943	1.243
Handbært fé í upphafi tímabils		388	2.232
Handbært fé í lok tímabils		1.331	3.475

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Skýringar

1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2021 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásoluverslana og tengdra vöruhúsa, ásamt sölu á eldsneyti. Í skýringu 13 er greint frá félögum í samstæðunni.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2021.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 25. júní 2021.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2021. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.hagar.is.

Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþættir samstæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olíuverzlinn Íslands (Olís) hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa, þ.e. rekstur þeirra félaga sem mynduðu samstæðuna fyrir samruna Haga og Olís, er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa hingað til metið smásoluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfsþáttayfirlits samstæðunnar. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

Starfsþáttayfirlitið má finna í skýringu 19.

6. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisýrnun viðskiptavildaðar þann 31. maí 2021 og vegna þess var virðisýrnunarpróf ekki framkvæmt.

Skýringar, frh.:

7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

	2021 1.3-31.5.	2020 1.3- 31.5.
Afskriftir rekstrarfjármuna	510	503
Afskriftir fjárfestingarfasteigna	24	23
Afskriftir leigueigna	414	448
Afskriftir óefnislegra eigna	24	14
Hlutdeild í afskriftum Olíudreifingar ehf.	33	36
Afskriftir samtals	<u>1.005</u>	<u>1.024</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2021 1.3-31.5.	2020 1.3- 31.5.
Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum	7	17
Fjármunatekjur samtals	<u>7</u>	<u>17</u>
Vaxtagjöld og verðbætur	(257)	(285)
Vaxtagjöld leiguskuldar	(122)	(135)
Gengistap	(18)	(28)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(397)</u>	<u>(448)</u>
Hrein fjármagnsgjöld	(390)	(431)

9. Vörubirdgör

Vörubirdgör greinast þannig:

	31.5.2021	28.2.2021
Matvara	4.778	4.255
Sérvara	2.180	2.068
Eldsneyti	1.636	2.003
Vörur í flutningi	396	465
Vörubirdgör samtals	<u>8.990</u>	<u>8.791</u>
Niðurfærsla birgða í lok tímabils	265	184

10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	31.5.2021	28.2.2021
Viðskiptakröfur	3.534	2.993
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(203)	(188)
Aðrar skammtímakröfur	456	433
Niðurfærsla annarra skammtímakrafna	(53)	(53)
Afleiðusamningar	23	34
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	<u>3.757</u>	<u>3.219</u>
Greiðslukortakröfur	1.335	1.434
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>5.092</u>	<u>4.653</u>

Skýringar, frh.:

11. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	Vegið meðaltal vaxta 31.5.2021	Eftirstöðvar 28.2.2021	Eftirstöðvar 31.5.2021	Eftirstöðvar 28.2.2021
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	3,01%	2,87%	6.765	6.831
Skuldir í ISK, verðtryggðar	2,80%	2,80%	5.548	5.494
Lánalína	0,00%	1,84%	0	601
Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun			12.313	12.926
Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda			(2.958)	(3.558)
Langtímaskuldir samtals			9.355	9.368

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs	2.958	3.558
Afborganir eftir 1 til 2 ár	463	461
Afborganir eftir 2 til 3 ár	465	464
Afborganir eftir 3 til 4 ár	454	454
Afborganir eftir 4 til 5 ár	457	454
Afborganir síðar	7.516	7.535
Samtals	12.313	12.926

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

Óverðtryggður skuldabréfaflokkur, HAGA181021, að upphæð 2.500 millj. kr. er á gjalddaga í október nk. Flokkurinn ber fasta 4,65% vexti en unnið er að endurfjármögnun hans. Samstæðan hefur auk þess aðgang að skammtímfjármögnum í formi lánalína að fjárhæð 4,5 ma.kr. og USD 12,5 millj.

12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

31.5.2021 28.2.2021

Viðskiptaskuldir	9.876	8.825
Aðrar skammtímaskuldir	2.969	2.996
Afleiðusamningar	23	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	12.868	11.821

13. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru sex í lok tímabilsins. Dótturfélögini eru eftirfarandi:

Staðsetning	Eignarhlutur	
	31.5.2021	28.2.2021
Hagar verslanir ehf.	Ísland	100%
Olíuverzln Íslands ehf. (Olís)	Ísland	100%
Bananar ehf.	Ísland	100%
Noron ehf.	Ísland	100%
FKV ehf. (áður Ferskar kjötvörur ehf.)	Ísland	100%
Mjöll Frigg ehf.	Ísland	100%
Reykjavíkur Apótek ehf.	Ísland	0%
		90%

Mjöll Frigg ehf. er dótturfélag Olís. Engin starfsemi er í FKV ehf. Eignarhlutur Haga hf. í Reykjavíkur Apóteki ehf. hefur verið seldur en viðmiðunardagur viðskiptanna var 31. maí 2021 og fór afhending fram þann 18. júní sl.

Skýringar, frh.:

14. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

Rekstur:	2021	2020
1.3-31.5.	1.3-31.5.	
Rekstrarhagnaðarhlutfall (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / vörusölu)	7,1%	4,6%
Launahlutfall (laun og launatengd gjöld / vörusölu)	10,1%	11,6%
Kostnaðarhlutfall (annar rekstrarkostnaður / vörusölu)	4,7%	4,8%
Veltuhraði birgða (kostnaðarverð seldra vara / meðalbirgðastaða)	11,2	11,2
Innheimtutími viðskiptakrafna í dögum	10,8	10,8

Efnahagur:

	31.5.2021	28.2.2021
Veltufjárlutfall (veltufjármunir / skammtímaskuldir)	0,84	0,77
Lausafjárlutfall ((veltufjármunir-birgðir) / skammtímaskuldir)	0,35	0,28
Skuldsetning (nettó vaxtaberandi skuldir / rekstrarhagnaður fyrir afskriftir)	2,01	2,40
Eiginfjárlutfall (eigið fé / heildareignir)	41,2%	40,9%
Innra virði hlutafjár (eigið fé / hlutafé)	22,45	21,83

15. IFRS 16 Leigusamningar

Eðli breytinganna

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Við útreikning fjárhæða leigueigna og leiguskulda var lagt mat á leigutíma og vexti á nýju lánsfé enda var ekki unnt að ákvarða innbyggða vexti í leigusamningum með áreiðanlegum hætti. Vegrir meðalvextir voru ákvarðaðir 5,45%. Við mat á leigutíma er horft til samningstíma, að teknu tilliti til áforma stjórnenda.

Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:	31.5.2021	28.2.2021
Leigueignir í upphafi tímabils	8.255	9.435
Nýir samningar á tímabilinu	0	55
Verðbætur á tímabilinu	99	347
Afskriftir á tímabilinu	(414)	(1.761)
Aðrar breytingar samninga á tímabilinu	3	220
Kaupleigusamningar, breytingar á tímabilinu	0	(41)
Leigueignir í lok tímabils	7.943	8.255

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:	31.5.2021	28.2.2021
Leiguskuldir í upphafi tímabils	9.029	10.167
Nýir samningar á tímabilinu	0	55
Afborgunarþáttur leigugreiðslna	(411)	(1.753)
Verðbætur á tímabilinu	99	347
Aðrar breytingar samninga á tímabilinu	3	220
Kaupleigusamningar, breytingar á tímabilinu	0	(7)
Leiguskuldir í lok tímabils	8.720	9.029

Afborganir leiguskulda greinast þannig á næstu ár:	31.5.2021	28.2.2021
Afborganir innan árs	2.020	2.019
Afborganir síðar	6.700	7.010
Samtals	8.720	9.029

Heildarleigugreiðslur sem tengjast þeim leigusamningum sem færðir eru samkvæmt leigustaðli IFRS 16 námu 533 millj. kr. (2020/21: 573 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

16. Áhrif COVID-19 heimsfaraldursins

Hagar og dótturfélög þess finna enn fyrir áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins en starfsemi samstæðunnar litast áfram af aðgerðum til að takmarka afleiðingar faraldursins, tryggja öryggi starfsfólks, viðskiptavina og annarra samstarfsaðila samstæðunnar. Rekstrarniðurstaða fyrsta ársfjórðungs er ánægjuleg í ljósi aðstæðna en samanburður við fyrsta ársfjórðung síðasta rekstrarárs er hagstæður þar sem sá ársfjórðungur varð fyrir höggi þegar gengisfall íslensku krónunnar og lækkun á heimsmarkaðsverði á olíu höfðu mikil áhrif á afkomuna.

Velta í dagvöruhluta samstæðunnar er enn að aukast og velta í eldsneytishlutanum er töluvert yfir fyrra ári og er farin að nálgast eðlilegra árferði. Gert er ráð fyrir að áhrifa af faraldrinum muni gæta á rekstur samstæðunnar fram á mitt rekstrarár en afkomuspá stjórnenda fyrir árið gerir ráð fyrir að EBITDA afkoma samstæðunnar verði 8.600 - 9.100 millj. kr.

Fjárhagsleg staða samstæðu Haga hf. er sterk og er félagið vel í stakk búið að takast á við ögrandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun samstæðunnar að mestu tryggð til langs tíma og er aðgangur að skammtímafjármögnun, að fjárhæð um 6,2 ma. kr., hjá viðskiptabanka einnig tryggð.

17. Breytingar á samstæðunni

Í mars og apríl 2021 var skrifaað undir samninga um sölu á 90% eignarhlut félagsins í Reykjavíkur Apóteki ehf., sem og sölu á eignum tengdum rekstri Reykjavíkur Apóteks í Skeifunni 11. Afhending á eignum tengdum rekstri í Skeifunni 11 fór fram þann 21. maí sl. og afhending á eignarhlut Haga hf. í Reykjavíkur Apóteki ehf. fór fram 18. júní sl. en viðmiðunardagur viðskiptanna var 31. maí 2021. Afkomuáhrif vegna sölunnar koma fram í rekstrarreikningi tímabilsins.

Þann 31. mars 2021 var skrifaað undir samning um sölu á rekstri og eignum tengdum smásöluversluninni Útilíf. Samningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins en samþykki eftirlitsins var staðfest þann 8. júní sl. Afhending fer fram á öðrum ársfjórðungi rekstrarársins en þá munu áhrif sölunnar koma fram.

Í maí sl. náðu Hagar hf. og eigendur Djús ehf. samkomulagi um kaup Haga hf. á helningshlut í Djús ehf., sem á og rekur veitingastaði undir merkjum Lemon. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og hefur afhending því ekki farið fram. Niðurstöðu eftirlitsins er að vænta á öðrum ársfjórðungi rekstrarársins.

18. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stórir hluthafar í félagini, hlutdeildarfélög þess, lykilstjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og eru ekki hluti af þessari skýringu.

Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti við tengda aðila greinast þannig:

	2021	2020
	1.3.-31.5.	1.3.-31.5.
Seldar vörur og þjónusta	29	18
Keyptar vörur og þjónusta	(346)	(317)
Viðskiptakröfur í lok tímabils	1	1
Viðskiptaskuldir í lok tímabils	(152)	(130)

Skýringar, frh.:

19. Starfspáttayfirlit

Fyrsti ársfjórðungur 2021/22	Verslanir og vöruhús	Olíuverzun Íslands ehf.	Jöfnunar-færslur	Samtals
Vörusala	23.338	8.750	(54)	32.034
Aðrar rekstrartekjur	174	12	(2)	184
Heildartekjur starfspáttá	23.512	8.762	(56)	32.218
Heildarrekstrargjöld starfspáttá	(21.529)	(8.467)	56	(29.940)
EBITDA starfspáttá	1.983	295	0	2.278
Afskriftir starfspáttá	(791)	(214)	0	(1.005)
Áhrif hlutdeildarfélaga	0	31	0	31
Rekstrarafkoma starfspáttá	1.192	112	0	1.304
Hrein fjármagnsgjöld	(333)	(57)	0	(390)
Tekjuskattur				(187)
Hagnaður tímabilsins				727
31. maí 2021				
Eignir starfspáttá	45.011	17.856	0	62.867
Eignir samtals				62.867
Skuldir starfspáttá	27.857	9.104	0	36.961
Skuldir samtals				36.961
Fjárfestingar starfspáttá (nettó)	437	125	0	562
Fyrsti ársfjórðungur 2020/21	Verslanir og vöruhús	Olíuverzun Íslands ehf.	Jöfnunar-færslur	Samtals
Vörusala	21.566	6.785	(110)	28.241
Aðrar rekstrartekjur	88	36	(26)	98
Heildartekjur starfspáttá	21.654	6.821	(136)	28.339
Heildarrekstrargjöld starfspáttá	(20.092)	(7.086)	136	(27.042)
EBITDA starfspáttá	1.562	(265)	0	1.297
Afskriftir starfspáttá	(757)	(267)	0	(1.024)
Áhrif hlutdeildarfélaga	0	30	0	30
Rekstrarafkoma starfspáttá	805	(502)	0	303
Hrein fjármagnsgjöld	(327)	(104)	0	(431)
Tekjuskattur				32
Tap tímabilsins				(96)
31. maí 2020				
Eignir starfspáttá	44.266	19.773	0	64.039
Eignir samtals				64.039
Skuldir starfspáttá	28.379	11.589	0	39.968
Skuldir samtals				39.968
Fjárfestingar starfspáttá (nettó)	701	175	0	876